

Nd.

783. Frumvarp

til laga um viðauka og breyting á lögum um aðflutningsbann á áfengi
nr. 44, 30. júlí 1909.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Eftir 6. gr. komi ný grein, er verði 7. gr. og hljóði svo:

Enginn má taka við nokkurs konar áfengi úr skipi, er hefst við hjer við
land, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort heldur gegn endurgjaldi nje endur-
gjaldslaust.

2. gr.

16. gr. verði 17. gr. og orðist svo:

Brot gegn 7. og 8. gr. laga þessara varða 100—1000 kr. sektum, og skal
áfengið ásamt ílátum verða eign landssjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar er konungur hefir staðfest þau.